

Efnagreining vatnssýna frá Hnjóti,
Örlygshöfn, V-Barðastrandasýslu

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-87-18

EFNAGREINING VATNSSÝNA FRÁ HNJÓTI, ÖRLYGSHÖFN, V-BARÐASTRANDARSÝSLU

Þann 25. júlí s.l. voru tekin sýni af köldu vatni til efnagreiningar úr uppsprettu og borholu að Hnjóti, Örlýgshöfn. Niðurstöður þessara greininga eru í töflunni hér að neðan.

Vatnið er mjög efnasnautt bæði úr uppsprettunni og borholunni. Lítil munur er á sýnunum en þó er heldur meira af uppleystum efnum í sýninu úr borholunni. Sýrustig er fremur hátt í vatninu, einkum úr borholunni. Hvað flest aðalefni í vatninu varðar verður ekki séð að styrkur neins þeirra sé óæskilega hár og styrkur þungmálmana járns og mangans er undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem við notum til greiningar. Styrkur nítrats er hins vegar talsvert hár miðað við vatn af þessum toga. Styrkur þess er þó langt neðan þess hámarks sem leyft er í neysluvatni, en hvort það er of hátt til seiðaeldis er mér ókunnugt um. Í töflunni er tekið með til samanburðar niðurstöður efnagreiningar af sýni sem tekið var 9. mars s.l. úr uppsprettum sem borholan var boruð ofan í. Það sýni hefur verulega lægra sýrustig en hin sýnin og tvöfalt hærri nítratstyrk. Heildarstyrkur uppleystra efna er einnig ívið hærri þótt í öðrum meginatriðum sé um svipað vatn að ræða.

Vatnið í uppsprettunni hefur væntanlega verið blandað yfirborðsvatni og skýrir það mun á sýrustigi og hærri nítratstyrk.

Sýni	1	2	3
Hiti °C	4,9	6,2	5,4
pH/°C	8,02/18	8,78/18	6,92/22
Ω m/°C	97,5/22	101,0/22	102,5/20
SiO_2	15,0	16,3	14,7
Na	14,6	16,5	14,2
K	1,1	0,4	0,7
Ca	1,8	2,1	3,0
Mg	1,2	0,4	1,3
CO_2	12,2	6,0	16,6
SO_4	3,0	3,2	3,0
H_2S			<0,02
Cl	17,8	20,4	18,7
F	0,04	0,02	0,02
Uppl.efni	64,0	69,0	72,0
Fe	<0,25	<0,025	
Mn	<0,05	<0,05	
NO_3	0,44	0,45	0,94

Hrefna Kristmannsdóttir